

Verkefni : Fögnum fjölbreytni

Styrkþegi: Leikskólasvið Reykjavíkurborgar

Samantekt

Þróunarverkefni um bættu upplýsingagjöf til foreldra af erlendum uppruna og jákvætt viðmót til fjölmennningar í leikskólum.

Í ágúst 2009 lauk verkefninu *Fögnum fjölbreytni*. Eins og kom fram í umsókn til þróunarsjóðs innflytjendaráðs, þá skiptist verkefnið í tvennt, annars vegar þróun á upplýsingabanka með stuttum þýðingum á milli leikskóla og foreldra og hinsvegar að þróa og útbúa veggspjöld með það að markmiði að vekja athygli á og stuðla að jákvæðu viðhorfi samfélagsins til fjölmennningar í leikskólum.

Mótun og þróun upplýsingabankans var í höndum Leikskólasviðs í samvinnu við starfsfólk frá 8 leikskólum og Alþjóðahús sem sá um þýðingarnar. Í upplýsingabankanum er að finna orðalista, hvern upp á 4 bls. með flestum þeim orðum sem eru mikilvæg í leikskólaumhverfinu. Orðalistarnir eru fáanlegir á 10 tungumálum. Aðrar þýðingar eru á 7 tungumálum en það eru upplýsingar um foreldrafund, foreldraviðtöl, foreldrakönnun, sumarleyfi, ofnæmi, leyfi til myndatöku, vettvangsferðir, lús og skipulagsdaga. Þýðingarnar eru allar aðgengilegar á slóðinni www.leikskolar.is /nýir íslendingar. Þær eru allar settar upp á mjög aðgengilegan og aðlaðandi hátt, bæði á íslensku og viðkomandi tungumáli og þannig gengið frá þeim að hægt er að fylla inn í eyður á rafrænan hátt.

Veggspjöldin eru tvö, annars vegar með skilaboðunum: *Heimurinn er hér, velkomin í leikskólann* á 10 tungumálum ásamt ljósmyndum af leikskólabörnum. Hinsvegar veggspjald með ljósmyndum af fjölbreyttum barnahóp í starfi og leik í leikskólanum með skilaboðunum: *Heimurinn er hér, leikum saman*. Ljósmyndari var Harpa Njálsdóttir og Oddi sá um prentun og uppsetningu. Veggspjöldin voru unnin í samvinnu við tvo leikskóla í Reykjavíkurborg og foreldra barnanna þar.

Það er mat ábyrgðarmanns að verkefnið hafi tekist mjög vel, veggspjöldin eru einstaklega falleg og sýna sterk, stolt og flott leikskólabörn sem um leið eru jákvæðar fyrirmyndir í þeim fjölbreytta barnahóp sem er í leikskólum borgarinnar. Þýðingarnar eru þegar farnar að nýtast í leikskólunum og er mikil ánægja með þær. Þróunarsjóði Innflytjendaráðs er þakkaður sá góði stuðningur sem hann veitti verkefninu en Leikskólasvið greiddi allan viðbótarkostnað við það. Búið er að kynna verkefnið fyrir fjölmörgum aðilum og dreifa veggspjöldunum víða s.s. eins og á alla leikskólana í Reykjavíkurborg og þær stofnanir sem hafa með málefni barna og eða leikskóla að gera. Aðgangur að upplýsingabankanum er öllum opin og gjaldfrjálss.

Project: Celebrate diversity

Grantee: Department of Preschool Education, Reykjavík City

Abstract

A developing project which aims to improve and translate information between preschools and parents, for those whose Icelandic is not their mother tongue. Positive attitude towards multiculturalism and celebration of diversity is also reinforced.

The project *Celebrate diversity* was concluded in August 2009. As mentioned above the project was twofold, firstly short messages that are regularly sent between preschools and parents were translated and secondly posters were made. The composition and development of the information and translations were made by the Department of Preschool Education in close cooperation with teachers from eight preschools and also translators from Alþjóðahús. The translations consisted of word-lists translated to ten different languages, embracing the most important and most commonly used words in the preschool. Other information were translated to seven different languages. Including the following: parents meetings, parents interviews, organising days, field trips, parent's surveys, picture permissions, health concerns (f.ex. allergies, head lice) and summer holidays. All the translations are accessible on the departments home page www.leikskolar.is / nýir íslendingar. All the translations include identical information in both icelandic and the relevant language and can be filled out electronically.

The are aimed to give positive message about diversity in the group of children in other words : "Celebrate the diversity in preschools". One is a welcome poster with the message: *The world is here, welcome to the preschool* with welcome greetings in ten languages. The second poster presents pictures of diverse group of children taking part in different preschool activities and the message is: *The world is here, let's play together*. The photographer was Harpa Njálisdóttir and the printing company Oddi was responsible for the printing and layout. The posters were made in close cooperation with the children, parents and teachers in two preschools in Reykjavík.

According to the underwriter the project has been very successful, the posters impressive and well presented. The photos on the posters present a good example of a diverse group of children from the preschools in Reykjavík . The translations have received really positive response and, have already been used in various preschools.

The Department of Preschool Education is very grateful of the financial support given by The Immigrant Fund at the Ministry of Social affairs and Social Security who granted the project. All the extra cost was paid by the Department of Preschool Education. The project has already been presented in all the preschools in Reykjavík as well as in most institutions that deal with children. The access to the information is free and open for all.